

## FÖGUR GJAFU-ADFERD.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Í liði Turenne's hershöfðingja var sveitarföngi einn af göfgum ættum, og hinn siðferðisbesti maður, en bláfátækur. Turenne tók eftir því, að hestr sveitarföngja þessa var næsta rýr og vesall. Turenne bauð honum því einhverju sinni til veislu hjá sér; en er borð voru upp tekin, tók hann hann afsíðis og mælti til hans: „Eg verð að biðja yður einnar bónar, og vona eg, að þér synjið mér hennar eigi. Eg er orðinn gamall, og veitir mér því örðugt að ríða fjörugum hestum. Eg sá síðast, að þér riðuð hesti einum, sem var að öllu að mínu skapi. Viljið þér ekki láta mig fá hann? Eg skal gefa yður aftur ann-  
hest frá mér.“

## TIL GAMANS.

*Það sprakk.* — „Þú ættir ekki að hlæja svona hátt í skól-  
anum, Fiddi minn!“—kallaði kennarinn.

„Eg ætlaði ekki að gera það“—sagði Fiddi. „Eg brosti bara; en svo sprakk það alt í einu.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðs-  
maður „Sam.“ á Íslandi.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barn-  
anna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.  
Canada.